



JÓN GÍSLASON

FÆDDUR 23. DES. 1826.

DÁINN 21. DES. 1907.



KVEÐJA FRÁ SONUM HANS.

Lag: Ó, blessuð stund, er burtu þókan liður.

Ó, þú varst sæll, til sinnar jólagleði
úr sorgardalnum guð þig kvaddi heim;
með heitri þrá, með barnsins bljúga geði
þú brostir móti umskiftunum þeim.

Hvað það er sælt með guði æ að ganga,
það gastu af reynslu sonum þínum tjáð;
þú fjekst að reyna hryggð og hörmung stranga,
en hvað var það hjá drottins miklu náð?

Í Paradísar skæru dýrðarskini
er skoðun orðin þín hin sterka trú;
með ástsæld þinni ávanst þú þér vini,
sem uppi' í himni guðs þér fagna nú.

Já, alla þreyðu ástvinina þína
þér unni guð að finna um þessi jól;
í friðarríki föður síns þeir skína,
og frelsarinn er þeirra líf og sól.

Ó, hversu jólin þig nú þreyttan gleðja,
því þangað hvorki sorg nje dauði nær;
í þeirri trú er þig svo sælt að kveðja,
já þig, sem okkur varst svo hjartakær.

Og aldrei fyrri fundum við það betur,
hvern fögnuð jólin geta mönnum veitt;
hve kærleikurinn grætt hvert sárið getur,
hve gott það er að vera í Kristi eitt.

Ó, farðu vel! þín föðurráð við geymum
og felum drotni jafnan alt vort ráð,
og aldrei þeirri jólagleði gleymum,
sem guð oss veitti af sinni föðurnáð.

